



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 18. maí 2007

Ákvörðun nr. 20/2007

## **Samruni Hönnunar hf. og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf.**

### **I.**

Með bréfi Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., dags. 30. janúar 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Hönnunar hf. (Hönnun) og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. (VGK) sbr. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga (hér eftir nefndir samrunaaðilar). Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005.<sup>1</sup> Samrunaskránni fylgdu ýmis gögn um samrunann, s.s. samrunaáætlun, greinargerð stjórna félaganna vegna samrunans auk frekari gagna um bæði félög, s.s. skýrslur Lánstrausts hf. um félögin og hlutafélagabátttöku stjórnarmanna þeirra. Þá fylgdu ársreikningar beggja félaga vegna áranna 2004 og 2005 þar sem m.a. er finna upplýsingar um veltu þeirra. Segir að um sé að ræða sameiningu ofangreindra félaga með yfirtöku Hönnunar á VGK á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög. VGK verði slitið frá og með samrunadegi og hið sameinaða félag muni bera heitið VGK Hönnun hf.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 28. febrúar 2007, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að það teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests samkeppnisyfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

### **II.**

Samrunaaðilar eru tveir, VGK og Hönnun sem báðir starfrækja verkfræðistofur. Í samrunatilkynningu aðila kemur fram að helstu verkefni VGK hafi verið á sviði jarðvarmavirkjana, iðnaðarferla, stálvirkja, eldvarnakerfa, lagna og loftræstinga,

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



sem og verkefna tengdum sorpmeðhöndlun og ráðstöfun sorps. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess sé rekstur verkfræðistofu og fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Um Hönnun segir að helstu verkefni stofunnar hafi verið á sviði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, vatnsaflsvirkjana, viðhaldsverkefna, áætlanagerðar, verkefnaeftirlits, umhverfisráðgjafar, bygginga- og verkefnastjórnunar, jarðtækni og jarðfræði, jarðefna- og byggingarrannsókna, samgöngumannvirkja, orkumannvirkja og veitukerfa. Samkvæmt samþykktum félagsins sé tilgangur þess að vera alhliða ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki á sviði þekkingar og tækni, þar með talinn rekstur verkfræðistofu og annar skyldur atvinnurekstur.

Um markmið samrunans segir að hann sé að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri samrunaaðila og mynda sterkari heild til að sækja fram á markaði bæði innanlands og utan. Markaður fyrir verkfræðiþjónustu hafi farið ört vaxandi á undanförunum árum og þörf fyrir fleiri fagsvið af hálfu beggja aðila hafi því aukist. Það sé álit samrunaaðila að hið sameinaða fyrirtæki geti boðið viðskiptavinum sínum fleiri og betri heildarlausnir, bæði hérlandis og erlendis og samruninn verði því verulega til hagsbóta fyrir kaupendur verkfræðiþjónustu.

Til viðbótar ofangreindum upplýsingum frá aðilum öfluðu fulltrúar Samkeppniseftirlitsins ýmissa gagna, t.d. frá aðilum á markaðnum, s.s. keppinautum samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum, viðskiptavinum o.fl., í því skyni að meta áhrif samrunans á samkeppni.

### **III.**

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur samruni VGK og Hönnunar í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### **IV.**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu. Þá ber að hafa í huga að litlar aðgangshindranir virðast vera að viðkomandi markaði og hafa t.d. erlendir aðilar komið inn á markaðinn á síðustu árum. Með vísan til alls þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi sé töluvert samkeppnislegt aðhald á viðkomandi markaði fyrir hið sameinaða félag.



Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna VGK og Hönnunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

**Ákvörðunarorð:**

**„Með samningi dags. 6. desember 2006, var ákveðið að sameina félögin Hönnun hf. og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson